



Í ljósi óþæginda sem nágrennar okkar hafa orðið fyrir undanfarnar vikur vill Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri um lykt frá bikstöð fyrirtækisins að Óseyrabraut í Hafnarfirði:

Síðustu vikur hafa verið að koma inn á borð til okkar kvartanir sem raktar hafa verið til lykta frá biktönkum fyrirtækisins við Óseyrabraut í Hafnarfirði. Fyrirtækið og forveri þess hafa verið með starfsemi á skilgreindu iðnaðarsvæði við höfnina í 46 ár eða frá 1974 og aldrei fengið kvörtun fyrr en í sumar. Þegar kvartanir fóru að berast inn af alvöru í lok ágúst voru þær tengdar við framleiðslu á ákveðnu efni. Þeirri tengingu var þó tekið með fyrirvara og málið rannsakað áfram sem leiddi til þess að þegar leið á septembermánuð kom í ljós að það er bikið sjálft sem er að valda þessari lykt hvort sem starfsemi er í gangi eður ei.

Undanfarna áratugi hefur fyrirtækið flutt inn og notað bik sem á uppruna sinn í Venúsúela en aðstæður þar í landi hafa orðið til þess að í sumar hefur komið til okkar bik með annan uppruna. Virðist það vera að nýja bikið beri með sér öðruvísi og meiri lykt en við eigum að venjast. Sambærilegar kvartanir hafa verið að koma upp hjá öðrum fyrirtækjum sem nýta þetta sama bik og því tengjum við kvartanir við hráefnið sjálft frekar en tanka fyrirtækisins. Bik er lífrænt efni úr flóknum arómatískum kolefnum og ekki skilgreint sem hættulegt efni þrátt fyrir styrk lykta.

Því miður hefur ástandið í samfélaginu orðið til þess að samdráttur er í malbiksframleiðslu og því fer bikið hægar út en vonir voru um á þessum árstíma og því enn drjúgur skammtur af þessu biki í tönkunum okkar.

Fyrirtækið er í samvinnu bæði við Heilbrigðiseftirlitið og Umhverfisstofnun vegna þessa máls og skal meðal annars skila úrbótaáætlun fyrir 19. október næstkomandi.

Þrátt fyrir þann frest getum við sagt frá því núna hvað verið er að skoða til úrbóta.

Fyrir utan að starfsemin leggst nánast í dvala í desember og fram í maí og birgðir fara langt með að klárast er unnið að:

- 1) Rætt hefur verið við birgja okkar í Evrópu sem mun svara á næstunni um hvaða biktegund verður flutt til Íslands á næsta ári.
- 2) Fyrirtækið hefur síðustu vikur verið að skoða möguleika á hreinsibúnaði sem fangar bikgufur úr lofttúðum tanka og hreinsar með kolasíum. Við höfum fundið hentugan búnað frá tveimur framleiðendum í Evrópu. Það mun taka um 4-6 mánuði að fá búnaðinn afhentan og þá á eftir að tengja hann við tanka fyrirtækisins en stefnt er að því að klára það fyrir næstu vertíð.
- 3) Unnið er að hönnun á nýju afgreiðslukerfi (þar sem dælt er á bíla sem sækja efni) og verður það staðsett norðan megin á lóðinni fjær íbúðabyggð en nú er. Jafnframt verður nýja kerfið með afsogsbúnaði og samskonar kolahreinsun og fyrir tankana. Þessi framkvæmd er mjög kostnaðarsöm og ekki er gert ráð fyrir að henni verði lokið fyrr en síðla árs 2021.

Okkur hjá Hlaðbæ Colas þykir mjög leiðinlegt að fyrirtækið sé að valda þessari truflun á lífi nágrenna okkar og starfsmanna en því miður er starfsemin þess eðlis að umbætur sem þessar taka lengri tíma en við hefðum sjálf óskað.

Fyrir hönd Hlaðbæjar Colas,

Harpa Þrastardóttir, Umhverfis-, Öryggis- og gæðastjóri. harpa@colas.is

Sigbór Sigurðsson, Framkvæmdastjóri. sigthor@colas.is